

Lög um afnám laga nr. 30, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913 (Herpinótaveiði), undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um vatnsorkusjerleypi, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tolllaga nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um sjerleypi til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um verslunarátvinnu, undirskrifuð af konungi sama dag.

Fjárlög fyrir árið 1926, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um mannanöfn, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um sáttatilaunir í vinnudeilum, undirskrifuð af konungi sama dag.

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um 36 skifting Kirkjubæjarsóknar í Norður-Múlaprófastsdæmi í tvær 17. apríl sóknir, Kirkjubæjarsókn og Sleðbrjótssókn.

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og ályktun hjeradsfundarins í Norður-Múlaprófastsdæmi, veitir ráðuneytið hjermeð samkvæmt tillögum yðar, háeruverðugi herra, í brjefi dags. 10. f. m., og með skírskotun til 4. gr. laga nr. 45, 16. nóvember 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess að núverandi Kirkjubæjarsókn í Norður-Múlaprófastsdæmi skiftist í 2 sóknir, Kirkjubæjarsókn og Sleðbrjótssókn, með þessum nánari ákvæðum:

1. Að Jökulsá ráði sóknarmörkum.
2. Að skifting þessi fari fram þá er kirkja er byggð á Sleðbrjót.
3. Að þá er byrjað verður á framkvæmdum kirkjubyggingarinnar á Sleðbrjót, skuli sjóði Kirkjubæjarkirkju skift á milli hinna væntanlegu sókna hlutfallslega eftir tölu gjaldskyldra manna síðastliðin 5 — fimm — ár.
4. Að báðum söfnuðum skuli skylt að halda kirkjugörðum þeim, sem nú eru notaðir, í gildu standi, meðan þeir eru notaðir til að griptra í þeim, þó skal væntanlegum Sleðbrjótssöfnuði eigi skylt að taka þátt í því viðhaldi

36 lengur en 15 — fimtán — ár frá því að safnaðarmenn hafa komið upp kirkju-
17. apríl garði hjá sjer.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

37 **Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um**
27. apríl **skifting Ísafjarðarsóknar í 2 sóknir, Ísafjarðarsókn og Hnífsdalssókn.**

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og ályktun hjeradsfundar Norður-Ísafjarðarprófastsdæmis veitir ráðuneytið hjermeð samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dags. 10. f. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess að núverandi Ísafjarðarsókn í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi skiftist í 2 sóknir, Ísafjarðarsókn og Hnífsdalssókn, með þeim ákvæðum :

A ð væntanleg Hnífsdalssókn nái yfir þann hluta Eyrarhrepps, sem telst til bygðarinnar Hnífsdals.

A ð sóknarskiftingin fari fram þá er sjerstakur prestur hefir verið skipaður í hið væntanlega nýja Bolungarvíkurprestakall.

A ð sjerstök kirkja verði reist fyrir hina nýju Hnífsdalssókn jafnskjótt og því verður viðkomið, og verði hún þriðjungakirkja frá Ísafirði, en þangað til skuli, frá því er sóknarskiftingin hefir farið fram, messur fluttar í skólahúsinu úti þar þriðja hvern helgan dag.

A ð sjerstakur sóknargrafreitir verði tekinn upp úti í dalnum og frá honum gengið svo sem lög mæla fyrir, en væntanlegur Hnífsdalssófnuður beri allan kostnað af upptöku hans og sje hinsvegar frá sama tíma laus við allar skyldur til hluttöku í kostnaðinum af viðhaldi hins gamla grafreits Ísafjarðarsóknar, og loks

A ð þá er byrjað verður á kirkjusmíði í Hnífsdal, skuli sjóði Ísafjarðarkirkju skift milli sóknanna hlutfallslega eftir tölu gjaldskyldra manna næstliðin 5 ár, enda geri sóknarnefnd væntanlegrar Hnífsdalssóknar engar frekari kröfur til eigna Ísafjarðarkirkju.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.